

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 312/1991. **Jökull Ólafsson**

gegn

Borverki hf.,

Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,

Húsnæðisstofnun ríkisins,

Finni Gíslasyni,

tollstjóranum í Reykjavík,

Þorvaldi Lúðvíkssyni hrl.,

Ferðamiðstöðinni Veröld hf.,

Landsbanka Íslands,

Þrotabúi Kaupfélags Reykjavíkur og, nágrennis,

Gjaldheimtunni í Reykjavík,

Íslandsbanka hf. og

Húsfélaginu Asparfelli 2-12.

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. júlí 1991. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 5. júlí 1991, á hluta fasteignarinnar Asparfells 8 í Reykjavík. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hið áfrýjaða uppboði verði, með eða án ómerkingar eða heimvísunar, með eða án nýrra gagna, raka og málsástæðna, dæmt ógilt og uppboðið fellt úr gildi í heild sinni“. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti borgarfógetans í Reykjavík, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Reykjavík 17. september 1992. Lögð hafa verið fram afrit af bréfum sýslumannsins í Reykjavík til aðila málsins, þar sem því er beint til þeirra að senda greinargerðir sínar til Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með yfirlýsingu sóknaraðila 6. október sl. var þess óskað, að mál þetta yrði fellt niður fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilar Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, Landsbanki Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Varnaraðilar Landsbanki Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík hafa krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Jökull Ólafsson, greiði varnaraðilum Landsbanka Íslands og Gjaldheimtunni í Reykjavík 20.000 krónur hvorum í kærumálskostnað.
